



Kópavogsbær

Dígranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 18. febrúar 2021
2102373/700.01 AKG

Efni: Umsögn um rekstrarleyfi f. ökutækjaleigu að Askalind 8, Þokka ehf.

Með bréfi dagsettu 10. febrúar 2021 óskaði Samgöngustofa eftir umsögn Kópavogsbæjar vegna staðsetningar ökutækjaleigu í sveitarfélaginu. Umsækjandi er Þógrímur Ólafsson, kt. 190655-2029 f.h. Þokka ehf., kt. 620872-0249. Samkvæmt 3. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015 og 5. og 6. gr. reglugerðar um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 840/2015 skal sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort staðsetning ökutækjaleigu sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins kveða á um, fjölda bílastæða og hvort aðkoma henti fyrir væntanlega starfsemi hennar. Sótt er um rekstrarleyfi fyrir ökutækjaleigu með fjórar bifreiðar að Askalind 8, 201 Kópavogi.

Aðkoma að Askalind 8 er frá Lindarvegi og er svæðið skilgreint sem athafnasvæði. Það er í gildi deiliskipulag á þessu svæði en ákvarðanir um lágmarksfjölda bílastæða sem þurfa að fylgja atvinnuhúsnæði eru teknar með deiliskipulagi. Í samræmi við samþykktar teikningar fylgja eigninni 26 bílastæði í óskiptri sameign fyrir bæði Askalind 6 og Askalind 8, eða eitt bílastæði á hverja 50 fm., sem gera 2 bílastæði með þeim eignarhluta sem umsókn lýtur að. Pláss er fyrir tvær bifreiðar innandyrar. Til þessa hefur verið litið til fjölda lausra bílastæða við ákvörðun um hvort umsögn skuli vera jákvæð eða neikvæð.

Umrætt rekstrarleyfi er í samræmi við skipulag og aðkomu á umsóttu svæði og fjöldi bílastæða nægir fyrir umsóttum fjölda ökutækja.

Með tilliti til framanritaðs er mælt undirrituð með því að veitt verði jákvæð umsögn.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.
f.h. lögfræðideild Kópavogs
Anna Kristín Guðmundsdóttir
lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026